



## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Stafrænt ráð

**Sendandi:** Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

---

### ***Tillaga borgarfulltrúa Sósíalístafllokks Íslands um að borgarbúum verði gert kleift að ávarpa borgarstjórn***

Á fundi stafræns ráðs þann 27. september 2023, var meðfylgjandi tillögu borgarfulltrúa Sósíalístafllokks Íslands vísað til umsagnar mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, sbr. 7. lið fundargerðar stafræns ráðs sama dag.

Þjónustu- og nýsköpunarsvið óskaði umsagnar mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu um með tölvubréfi dags. 28. september s.l.

Umsögn mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu:

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa ber ábyrgð á innleiðingu lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar sem samþykkt var í borgarstjórn árið 2021. Stefnumótunarvinna við undirbúning stefnunnar fór fram í víðtæku samráði á árunum 2019-2021 með borgarbúum, stjórnslu og borgarfulltrúum. Í þeirri vinnu var mótuð sú stefna að bjóða borgarbúum upp á samtal og samráð með fjölbreyttum hætti. Bæði með aðferðum sem þegar voru til staðar og ákveðið var að efla, eins og Hverfið mitt, Íbúaráðin og ábendingavefinn en einnig með nýjum aðferðum sem finna má í aðgerðaráætluninni og verið er að útfæra. Starfshópur er að störfum við innleiðingu lýðræðisstefnunnar og stýrihópur vinnur að útfærslu aðgerða um borgarþing og íbúadómnefnd sem finna má í aðgerðaráætlun lýðræðisstefnunnar.

Öll vinna við lýðræðisferla borgarinnar endurspeglar áhersluna á að íbúar geti komið sjónarmiðum sínum áleiðis við stjórnslu og kjörna fulltrúa Reykjavíkurborgar. Hver rétti/besti vettvangurinn er hverju sinni fer eftir eðli máls. Með áframhaldandi vinnu við að festa lýðræðisferlana í sessi er stefnt að því að íbúar, stjórnslu og kjörnir fulltrúar muni geta átt gagnlegt samtal sem kemur til móts við óskir borgarbúa til framtíðar. Á borgarstjórnarfundum fer fram mikilvægt samtal milli kjörinna fulltrúa um stefnu og ákvarðanir Reykjavíkurborgar. Ákvörðun um að opna borgarstjórnarfundum fyrir fyrirspurnir frá íbúum myndi breyta fyrirkomulagi fundanna töluvert. Ljóst er að takmarka þyrfti tíma fyrirspyrjenda og svaranda til þess að lengja ekki fundina um of. Það má velta því fyrir sér hverju slíkur óundirbúinn fyrirspurnartími skilar í raun.



Reykjavíkurborg

Það er mat Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu að þeir ferlar sem nú þegar standa borgarbúum til boða, auk þeirra sem verið er að vinna við að bæta og koma á fót séu gagnlegustu og skilvirkustu leiðirnar fyrir borgarbúa til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri innan borgarkerfisins.

Virðingarfyllst,  
Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir  
*Miðlæg stjórnslá*  
*Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa*



Stafrænt ráð

**Tillaga borgarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um að borgarbúum verði gert kleift að ávarpa borgarstjórn**

Á fundi borgarstjórnar þann 5. september 2023 var samþykkt að vísa svohljóðandi tillögu borgarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands til meðferðar stafræns ráðs:

Borgarstjórn samþykkir tilraunaverkefni til eins árs sem felur í sér að borgarbúum verði boðið að koma að tjá sig um ákveðin málefni á borgarstjórnarfundi. Lagt er til að borgarstjórn feli forsætisnefnd að útbúa ferilinn. Markmiðið með þessari tillögu er að borgarbúar fái færi á því að ávarpa borgarstjórn beint um málefni sem tengjast þeim. Forsætisnefnd verði falið að leggja fram viðeigandi breytingar eða viðauka sem gæti þurft að gera á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar við útfærslu þessa tilraunaverkefnis. Þá þarf einnig að búa til feril utan um það hvernig íbúar geti skráð sig til þátttöku, hversu lengi megi tjá sig og hvort að fjöldi íbúa sem ávarpi hvern borgarstjórnarfund verði takmarkaður. Lagt er til að við útfærslu þessa verkefnis verði nokkrir möguleikar fyrir mætingu, hægt verði að mæta á staðinn í persónu og tjá sig á fundinum rafrænt í gegnum fjarfundarbúnað.

Það tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,  
Helga Björk Laxdal

e.u.

Samrit:

Hjálagt: